

MINNISBLAÐ
Menningarmálaverkefnasjóður – 09.09.2022

Í úthlutunarreglum menningarmálaverkefnasjóðs segir í 2. gr.:

Úthlutanir styrkja úr sjóðnum fara fram einu sinni á ári. Úthlutunin skal fara fram fyrir þann 1. febrúar ár hvert.

Þannig er gott að nefndin fari að vinna að því að undirbúa auglýsingu í lok árs 2022.

Á 24. fundi menningarmálanefndar var eftirfarandi úthlutun samþykkt í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins:

- Skemmtikvöld Slysavarnadeildar Dalasýslu: 30.000 kr.-
- Byggðasafn Dalamanna - Bæir í Miðdölum (ljósmyndasýning): 40.000 kr.-
- Byggðasafn Dalamanna - Bæir á Skarðsströnd (ljósmyndasýning): 40.000 kr.-
- Jólatónleikar - Er líða fer að jólum: 90.000 kr.-

Skemmtikvöld Slysavarnadeildar Dalasýslu fór fram þann 26. ágúst sl.

Ljósmyndasýningar eru í vinnslu í haust.

Jólatónleikar eru á dagskrá 3. desember n.k.

Lagt er til að úthlutunarreglum verði breytt á þann hátt að 6. gr. orðist þannig:

Styrkir eru greiddir út í einu lagi inn á þann bankareikning sem kemur fram í umsókn um leið og skýrslu um nýtingu styrkja hefur verið skilað í samræmi við 8. gr.

Með því að binda greiðslu styrkja við skýrsluskil verður úrvinnsla auðveldari, þá minnka líkur á því að nota þurfi 9. gr. er varðar endurgreiðslu styrkja.